



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. mars 2015.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, 39. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 13. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, 39. mál á 144. löggjafarþingi.


Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra verði falið að undirbúa og leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til langs tíma um skipulag og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Ráðherra leggi fram þingsályktunartillögu þess efnis eigi síðar en á vorþingi 2015 og samfara verði lögð fram nauðsynleg lagafrumvörp svo festa megi fyrirkomulagið í sessi.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að langtímaframkvæmdaáætlun um uppbyggingu innviða heilbrigðiskerfisins sé mikilvæg stefnumótandi aðgerð í heilbrigðismálum hér á landi. Aldurssamsetning þjóðarinnar sé slík að eftirspurn eftir þjónustu þessa kerfis, svo sem eftir hjúkrunarrýmum, sjúkrahúspjónustu og heimahjúkrun muni aukast verulega á næstu árum. Íslendingum 67 ára og eldri muni fjölga um 50% frá 2013 til 2025. Þessi fyrirsjáanlega þróun og aukin eftirspurn eftir þjónustu sem af henni muni leiða, muni auka kostnað nema breyting verði á skipulagi, samhæfingu og tækni. Takast þurfi á við þetta kostnaðarsama verkefni á ábyrgan hátt svo skattfé almennings nýtist sem best og þjónusta verði skilvirk. Framkvæmdaáætlanir eins og sú sem tilagan leggi til sé þegar að finna og er í dæmaskyni vísað til framkvæmdaáætlunar í barnavernd, málefnum fatlaðra og samgönguáætlunar.

LÍ styður tillögu um að gerð verði framkvæmdaáætlun til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. LÍ vísar í því sambandi til aðalfundaályktana félagsins frá árunum 2012 og 2013 þar sem kallað er eftir slíkri áætlanagerð. Ályktanirnar fylgja hjálagðar. Þá bendir LÍ á yfirlýsingu LÍ, Skurðlæknafélags Íslands og stjórnvalda sem undirrituð var 8. janúar sl., eftir að kjarasamningar náðust við félögin. Þar er áhersla lögð á framtíðaruppbyggingu heilbrigðismála. Yfirlýsingin fylgir hjálögð.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna tillögu þessarar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

  
Þorbjörn Jónsson,  
formaður.

**Hjálagt:**

Aðalfundarályktanir LÍ 2012 og 2013 um heilbrigðismál.  
Yfirlýsing LÍ, SKÍ og stjórnvalda frá 8. janúar 2015.

**Aðalfundur LÍ**  
**10. og 11. október 2013**

### **Ályktun um heilbrigðismál**

Aðalfundur LÍ 10.-11. október 2013 lýsir yfir miklum vonbrigðum með fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp og þykir ljóst að við gerð þess hefur eindregin ósk þjóðarinnar um að setja heilbrigðismálin í forgang verið hunsuð. Fundurinn lýsir skýlausri ábyrgð á vanda heilbrigðiskerfisins á hendur stjórnvöldum.

Aðalfundur LÍ skorar á yfirvöld að bregðast strax við því ófremdarástandi sem upp er komið í heilbrigðiskerfinu. Nauðsynlegt er að móta raunhæfa stefnu um hvar heilbrigðiskerfið á Íslandi á að standa í samanburði við aðrar þjóðir og tryggja fjármagn í samræmi við hana. Slík stefna verði mótuð fyrir lok ársins og framkvæmd á næstu þremur árum. Læknafélagið lýsir sig reiðubúið að koma að þeirri vinnu.

Læknar og félag lækna hafa ítrekað bent á lausnir á þeim brotalöllum sem blasa við í heilbrigðiskerfinu. Í samvinnu við lækna, aðrar heilbrigðisstéttir og hagsmunahópa þarf að forgangsraða þeim lausnum sem valdar eru. Setja þarf skýr tímamörk hvenær á að hrinda þeim í framkvæmd innan áranna þriggja.

**Aðalfundur LÍ**  
**18. og 19. október 2012**

### **Ályktun um heilbrigðismál**

Íslenska heilbrigðiskerfið hefur þurft að búa við mikinn niðurskurð fjárframlaga undanfarin ár. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir nánast óbreyttum fjárframlögum til heilbrigðiskerfisins borið saman við árið 2012. Þetta eru Læknafélagi Íslands mikil vonbrigði. Þjónusta við sjúklinga hefur verið skert, starfsfólki fækkað, álag á starfsfólk aukist og nauðsynleg lækningatæki hafa ekki verið endurnýjuð. Við slíkt verður ekki búið.

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn á Akureyri 18.-19. október 2012, hvetur stjórnvöld til að bregðast við varnaðarorðum lækna og skorar á þau að setja eflingu og þróun heilbrigðisþjónustunnar í forgang. Mikilvægt er að móta og hrinda af stað markvissri aðgerðaáætlun um uppbyggingu hennar til næstu ára. Læknafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samráðs í þeirri vinnu.



## YFIRLÝSING

FORSÆTISRÁÐHERRA, FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA OG HEILBRIGÐISRÁÐHERRA  
OG LÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS OG SKURDLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS Í TENGSLUM VIÐ GERÐ KJARASAMNINGA LÆKNA

Aðilar eru sammála um að vinna að eftirfarandi markmiðum á grundvelli formlegrar staðfestingar undirritaðra kjarasamninga:

1. Ráðist verði í átak í tengslum við stefnu stjórnvalda um betri heilbrigðisþjónustu með virkum stuðningi lækna og öflugri þátttöku þeirra í stefnumótun sem byggist á bættri starfsaðstöðu og betri nýtingu fjármuna.
2. Heilbrigðiskerfið búi við sambærilegan ramma hvað varðar fjármuni og fjölda starfsmanna og önnur Norðurlönd að teknu tilliti til sérstöðu Íslands hvað varðar mannfjölda og staðhætti. Stýring innan heilbrigðiskerfisins þarf að vera sambærileg við það besta sem þekktist á öðrum Norðurlöndum með markvissri klínískri stjórnun, á grunni leiðbeininga.
3. Haldið verði fast við þá stefnu sem mörkuð var í fjárlögum ársins 2014 og kveður á um aukið fjármagn til heilbrigðismála. Ljóst er að áskorunum heilbrigðisþjónustunnar verður ekki mætt með auknum fjármunum eingöngu. Kappkosta verður að hámarka nýtingu fjármagnsins, m.a. með framleiðnisamanburði og hvatningu til skilvirkni og aukinna gæða þjónustunnar.
4. Sjónum verði beint að framleiðni í heilbrigðisþjónustunni samhliða auknu fjármagni og metnaðarfullri þjónustustefnu. Hvergi verður hvikað frá þjónustumarkmiðum og þess gætt að aukin framleiðni tefji hvorki eðlilegar nýjungar og framfarir né skerði umsamin laun eða kjör.
5. Starfsaðstaða verði bætt með byggingu nýs Landspítala, endurnýjun tækja, samtengingu rafrænnar sjúkraskrár, eflingu heimilislækninga og svigrúmi til fyrsta flokks lækni meðferðar. Tryggt verður að fjárfesting í húsnæði og tækjum sé markviss og skili í senn varanlegri hagkvæmni og betri meðferð sjúklinga til lengri tíma, m.a. með vandaðri stýringu á fjölda og notkun rekstrareininga sem sinna mjög sérhæfðri greiningu og meðferð.
6. Samvinna Landspítala, heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og annarra veitenda heilbrigðisþjónustu verði aukin.
7. Fram fari heildstæð skoðun á skipulagi, uppbyggingu og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Opna þarf möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum sem byggja á virkri þjónustu- og verkefnastýringu, skýrum gæðakröfum samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi.
8. Launakjör lækna þar á meðal grunnlaun, vinnuálag og vaktafyrirkomulag verði samkeppnisfær og færð nær því kerfi sem tíðkast á Norðurlöndunum að teknu tilliti til þeirrar sérstöðu sem ísensk heilbrigðisþjónusta býr við. Skapaðar verði forsendur til þess að læknar geti unnið á einum stað eingöngu.

Reykjavík, 8. Janúar 2015

Kristján Þór Júlíusson  
heilbrigðisráðherra

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
forsætisráðherra

Lilíugi Gunnarsson  
mennta- og menningarmálaráðherra  
og starfandi fjármála- og  
efnahagsráðherra

Þorbjörn Jónsson  
formaður Læknafélags Íslands

Kristin Huld Haraldsdóttir  
varaformaður Skurðlæknafélags Íslands